

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

19. fundur 23. október 2003

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 23. október 2003 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Fjöldi stjórnarfunda.
2. Starfsmannamál.
3. Fjárhagsáætlun.
4. Norrænn skjaladagur.
5. Áhugahópur um Sögufélag Kópavogs.
6. Önnur mál.

1. Fjöldi stjórnarfunda.

Lagt var fram bréf, dags. 23. sept., frá Kópavogsbæ um áætlaðan fjölda funda (sbr. 18. fg., 3.l.). Stjórnin ákvað að skrifa bæjarráði og óska heimildar til þess að halda allt að tíu fundi á árinu 2004, enda ærin verkefni framundan.

2. Starfsmannamál.

Héraðsskjalavörður skýrði stjórninni frá stöðu mála, og í framhaldi af því voru þau rædd allítarlega. Stjórnin leggur á það áherslu að Kristín Þorgeirsdóttir verði hið fyrsta ráðin í fullt starf til frambúðar, enda nýtist menntun hennar safninu mjög vel við núverandi aðstæður.

3. Fjárhagsáætlun.

Fram voru lögð gögn varðandi endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir 2003 og gerðar fjárhagsáætlunar fyrir 2004, þ.á m. beiðni um tillögur frá safninu sem héraðsskjalavörður lagði fram. Stjórnin fór yfir þær og kannaði alla útgjaldaliði í samráði við hann. Hún veur athygli á þörf safnsins fyrir meira húsrými innan skamms, á því að föstu formi verði komið á stöðuheimildir og tillit tekið til óska stjórnarinnar um fundafjölda vegna aukinna verkefna. Að öðru leyti vísar hún til tillagna að fjárhagsáætlun, en veur athygli á því að bæta þyrfti í bókhaldslykil safnsins tilteknum liðum skv. nánari tillögum héraðsskjalavarðar sem falið var að vinna að þeirri lagfæringu í samvinnu við þá starfsmenn sem í hlut eiga.

4. Norrænn skjaladagur.

Norrænn skjaladagur verður haldinn 8. nóvember. Stjórnin skoðaði "plakat", minnisblöð og fleiri gögn, sem kynnt voru í því sambandi, og héraðsskjalavörður gerði grein fyrir undirbúningi. Héraðsskjalasafn Kópavogs á nú fulla aðild að því sem gert verður, en "þema" dagsins er "Líkami, heilsa, íþróttir. Er heilsu haldið til haga?" Opnaður hefur verið norrænn vefur í tilefni af þessum degi þar sem safnið verður m.a. kynnt, sagt verður frá því og myndir og skjöl úr bænnum sett inn á vefinn. Safnið ákvað að leggja sitt af mörkum í heimabyggð með því að opna einnig skjala- og myndasýningu á Café Borg. Héraðsskjalavörður sér um undirbúning, en sýningin verður opnuð 8. nóvember og reynt að kynna daginn eftir föngum.

5. Áhugahópur um Sögufélag Kópavogs.

Lagt var fram bréf sem borist hafði, dags. 2. október, frá forsvarsmönnum áhugahóps um stofnun Sögufélags Kópavogs, undirritað af Helgu Sigurjónsdóttur (sbr. 18. fg., 4.1.c). Stjórnin fagnar þeim áhuga sem fram kemur hjá hópnum á sögu Kópavogs og væntir góðs samstarfs við félagið í framtíðinni, ef stofnað verður.

6. Önnur mál.

- a) Stjórnin samþykkti að reynt verði að útvega Kristínu Þorgeirsdóttur ljósmyndara og skjalaverði nauðsynlega aðstöðu til framköllunar og annarrar ljósmyndavinnslu (m.a. til þess að bjarga filmum frá skemmdum). Tryggja þarf vinnuskilyrði í því skyni uns betri aðstaða fæst í safninu, svo að verkið dragist ekki. Í því sambandi minnir stjórnin á hálftrar aldar afmæli bæjarins 11.maí 2005. Ákveðið var af því tilefni að efna til veglegrar ljósmyndasýningar, hugsanlega í Gerðarsafni, og hefja undirbúning sem fyrst.
- b) Héraðsskjalavörður benti á að safnið þyrfti að koma sér upp eigin vef undir vef Kópavogskaupstaðar á netinu. Stjórnin fól honum að koma því í kring.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 18.30.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leo Ingason
héraðsskjalavörður